

Fundargerð 3. fundar ferðamálaráðs - 19. mars 2010

Fundurinn var haldinn á Ferðamálastofu kl. 8:30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Ásbjörn Jónsson, Dofri Hermannsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Sævar Skaptason og Unnur Halldórsdóttir, Einnig áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð.

Anna G. Sverrisdóttir og Aldís Hafsteinsdótti boðuðu forföll.

1. Fundargerð 2. fundar ferðamálaráðs. Samþykkt.

2. Kynning á starfsemi Ferðamálastofu. Ferðamálastjóri gerði ítarlega grein fyrir sögu og starfsemi stofnunarinnar, s.s. leyfisútgáfu, gæðamál, gæðavottun, rannsóknir, talnagögn, umhverfismál, markaðsmál, vefi og aðra útgáfu. Nokkrar umræður spunnust um hin ýmsu verkefni og ferðamálaráð þakkaði að fyrir góða kynningu.

3. Drög að dagskrá ferðamálaþings 2010. Lögð voru fram drög að dagskrá ferðamálaþings til umræðu. Rætt var um heiti þingsins, lengd þess og stungið upp á ýmsum fyrirlesurum. Ráðsmenn voru sammála um nauðsyn þess að gera rannsóknnum í ferðamálum sérstök skil. Ferðamálastofa ásamt formanni ferðamálaráðs og fltr. ráðuneytis munu fara yfir tillögur ráðsins og leggja fram nýja dagskrá á næsta fundi ferðamálaráðs.

4. Ferðamálastefna iðnaðarráðherra.

Ráðherra hyggst leggja fram nýja stefnu í ferðamálum á haustþingi 2010-2011. Stefnt er að því að hafa færri en skýrari áherslur en eru í gildandi ferðamálaáætlun sem gerð var árið 2005 og gildir 2006-2015. Áherslurnar verða mótaðar í stýrihópi sem hefur ferðamálaráð sér til halds og trausts en ráðið endurspeglar samsetningu greinarinnar.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga að skipulagi starfsins:

· **Mars:** Stýrihópur fundar með verkefnisstjóra. 3ja manna stýrihópur: Ferðamálaráð, Ferðamálastofa og SAF.

Verkefnisstjóri: Sigríður Kristjánsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

· **Apríl:** Heimasíða - linkur af síðum ráðuneytis, Ferðamálastofu, SAF, NMÍ osfrv. - þar sem fólk getur fylgst með starfi stýrihóps og sent inn hugmyndir. Einnig verður tengdur samskiptavefur við heimasíðuna þar sem hægt verður að senda inn efni.

· **Maí:** Hugarflugsfundur með ferðamálaráði, formönnum fagnefnda SAF og hugsanlega stærri hópi til að safna áherslum. Einnig verða notaðar upplýsingar af 8 þjóðfundum á vegum sóknaráætlunar 20/20.

· **Mars-nóvember:** Stýrihópur ásamt verkefnisstjóra hittist á 2ja vikna fresti, fer reglulega yfir stöðuna með ráðherra og klárar verkefnið 10. nóvember 2010. Fer yfir stöðu vinnunnar með ferðamálaráði á öllum fundum og hugsanlega sérfundum.

Stýrihópur vinnur í nánú samstarfi við nefnd um endurskoðun á lögum um skipan ferðamála.

· **Nóvember:** Ráðherra leggur fram þingsályktunartillögu um ferðamálastefnu 2011-2020.

Ferðamálaráð gerði ekki athugasemdir við þessa tillögu en lagði áherslu á að horft væri á framtíð ferðaþjónustunnar í sem víðustu samhengi við mótun ferðamálastefnunnar.

5. Umsögn um tvær tillögur til þingsályktunar.

Alþingi óskaði eftir umsögn ráðsins um þingsályktunartillögu um göngubrú yfir Ölfusá. Ráðið tók undir nauðsyn þessarar framkvæmdar og sendir Alþingi jákvæða umsögn.

Alþingi óskaði eftir umsögn ráðsins um þingsályktunartillögu um vestnorræna daga á Íslandi. Ráðið tók undir þýðingu slíkra daga en benti jafnframt á að tengsl þeirra við vestnorrænu ferðakapstefnuna væru mikilvæg og dögnum til framdráttar og sendir Alþingi umsögn þess efnis.

6. Önnur mál.

1. HH gerði grein fyrir tillögum nefndar um umhverfisgjöld. Miklar umræður og SS gerði athugasemd við að svo stórt mál hefði ekki verið sett á dagskrá fundarins.
2. JÁ sagði frá stofnun samtarsvettvangs Ferðamálastofu, Rannís, Útflutningsráðs og Nýsköpunarmiðstöðvar – FRÓN - sem fjallar m.a. um sex helstu vaxtarsvið í íslensku atvinnulífi, branding og nýsköpun. Þessi vettvangur gæti lagt sitt hvað fram við mótun ferðamálastefnu.
3. Þá var rætt um öryggismál og DH benti á þýðingu borgaralegs eftirlits
4. Sumarið framundan. Stefnir í mikla traffík ferðamanna og hugsanlega vandræði varðandi gistingu í sumum landshlutum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:10.